

Íbúasamráð Kópavogsbær

Samstarfsverkefni við SÍS, Alta, Norðurþing, Stykkishólm, Akureyri og
erlenda ráðgjafa

Íbúasamráðsverkefni - vinnuhópur

Stjórnendabakhópur og Vinnuhópur

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri

Páll Magnússon, bæjarritari

Sigrún María Kristinsdóttir, verkefnisstjóri íbúatengsla

Anna Elísabet Ólafsdóttir, verkefnisstjóri innleiðingar barnasáttmála SP

Verkefnisstjórn:

Sigrún María Kristinsdóttir, verkefnisstjóri íbúatengsla

Anna Elísabet Ólafsdóttir, verkefnisstjóri innleiðingar barnasáttmála SP


Íbúasamráðsverkefni - verkefnið

Verkefnið: að rannsaka hvernig ákjósanlegt er að eiga markvisst samráð við börn og ungmenni um málefni sveitarfélagsins með því að **leita ráða** hjá börnum og ungmennum sjálfum.

Markmið: að öðlast þekkingu á því hvernig heppilegt er að eiga í markvissu og stöðugu samstarfi við börn og ungmenni og eiga þannig samráð við þau beint um málefni sveitarfélagsins.

Samráðstrappa verkefnisins: snýr fyrst og fremst að því að **leita ráða** hjá börnum um hvernig heppilegt er að **eiga samstarf** við þau í málefnum sveitarfélagsins.

Mat á verkefninu: er lærdómur og þekkingarmiðlun milli kynslóða og allra sviða/stofnana bæjarins um hvernig best er að því staðið að leita til barna og ungmenna um samráð og samstarf þannig að börn og ungmenni geti með markvissum hætti tekið þátt í ákvörðunum sveitarfélagsins.



Íbúasamráðsverkefni – viðfangsefni verkefnis


ATH orðalag og aðferðafræði
rædd og rýnd í samstarfi við fagaðila

Samráðsspurningar:

- Yngstu (3. bekkur)
 - Langar þig til að geta talað við þá sem stjórna bænum þínum og segja þeim hvað þér finnst?
 - Hvernig heldur þú að væri best fyrir þig að segja þeim sem stjórna bænum þínum hvað þér finnst að mætti gera betur?
- Mið (6. bekkur)
 - Langar þig til að hafa meiri áhrif á það sem gert er í bænum þínum?
 - Hvernig heldur þú að best væri fyrir þig að segja stjórnendum bæjarins þínar skoðanir á starfinu og aðstöðunni í bænum þínum.
 - Hvernig heldur þú að hægt væri að nota tímann í skólanum og/eða frístund til að kalla eftir/hlusta á skoðanir krakka um það hvernig hægt er að gera bæinn okkar betri?
- Eldri (9. bekkur):
 - Á Kópavogsbær að leita eftir skoðunum barna og ungmenna?
 - Hvernig getur Kópavogsbær leitað eftir skoðunum barna og ungmenna – hvaða leiðir myndu henta börnum og ungmennum best?
 - Hvernig má gera þátttöku barna í ákvörðunum bæjarins hluta af daglegu skóla- og/eða frístundastarfi?

Skoða hvort við ættum að fara í stutta göngu um nágrennið og ræða það sem við sjáum.


Íbúasamráðsverkefni - samráðstrappan



Verkefnið snýr fyrst og fremst að því að **leita ráða** hjá börnum og ungmennum og eiga við þau **samstarf** til að ná markmiði verkefnisins:

- **Leita ráða:** Það verður gert á vinnufundum sem haldnir verða á vinnustað barnanna; skólum og/eða félagsmiðstöðvum. Settar verða fram spurningar sem börnin eru beðin um að svara bæði skriflega og með samtali (eingöngu samtali við yngstu börnin)
- **Eiga samstarf:** Á vinnufundum verður jafnframt tími notaður til að eiga samtali við börn og ungmenni sem ráðgjafa sveitarfélagsins með það að markmiði að skilja betur afstöðu þeirra og geta þannig svarað rannsóknarspurningunum og náð markmiðum verkefnisins.


Íbúasamráðsverkefni - samráðstrappan



- **Upplýsa** er fyrsta þrep samráðströppu. Áður en haldnir verða fundir með börnum og ungmennum þar sem leitað er svara þeirra og ráða fá þau upplýsingar um verkefnið og hverjar væntingar til verkefnisins eru.
- Þá verða foreldrar barna er taka þátt upplýst og þeim boðin þátttaka í tilfelli yngstu barnanna.
- Kennarar/starfsmenn félagsmiðstöðva verða jafnframt upplýstir um verkefnið og þeir beðnir um að taka þátt

**Fullorðnir eiga þó ekki að taka orðið af börnum og ungmennum –
eingöngu að vera til aðstoðar**

Íbúasamráðsverkefni - tímalína



Íbúasamráðsverkefni - forgangshópar

Í þessu verkefni er fyrst og fremst verið að vinna með forgangshóp 1a en með aðstoð forgangshóps 2b og 2a í tilfalli yngstu barnanna.

Mikil	Forgangshópur 3: Virkir íbúar	Forgangshópur 2: a) foreldrar og forráðamenn b) kennarar og starfsfólk félagsmiðstöðvar og annarrar afþreyingar fyrir börn og ungmenni.	
Virgni	Forgangshópur 4: Aðrir íbúar	Forgangshópur 1: Börn og ungmenni: a) á skólaskyldualdri b) sem tilheyra jaðarhópum og hafa almennt litla rödd í ákvarðanatöku (verður gert í sérstöku verkefni)	
Lítill			
	Lítill	Tengsl við samráðsefni	Mikil

Virgni: mælikvarði fyrir hversu virkur hópur er í íbúasamráði (mælikvarði á þátttöku í ákvörðunum sveitarfélags)

Tengsl: mælikvarði fyrir hversu mikil áhrif ákvarðanir geta haft á stöðu og þróun forgangshóps

Íbúasamráðsverkefni - upplýsingamiðlun

Upplýsingamiðlun við verkefnislok:

1. Samantekt niðurstaðna kynnt fyrir öllum þátttakendum í rannsókninni og þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir.
2. Samantekt niðurstaðna tekin saman í hnitmiðaða skýrslu sem kynnt er fyrir ungmennaráði og fleiri ráðum og nefndum þar sem börn koma að. Gefin tækifæri til athugasemda.
3. Samantekt niðurstaðna kynnt fyrir bæjarstjórn Kópavogsbæjar, nefndum og ráðum, stjórnendum og starfsfólki.
4. Samantekt niðurstaðna opinber á heimasíðu Kópavogsbæjar.